

## Skilmálar fyrir aðgang að og notkun á efni úr safni RÚV

### 1. Gildissvið skilmála

- 1.1. Skilmálarnir gilda þegar RÚV útvegar efni sem viðskiptavinur hefur pantað úr safni RÚV.
- 1.2. Frekari skilyrði kunna að vera sett fyrir afhendingu efnis, eftir atvikum neitun um afhendingu þess, vegna leyfissamninga og annarra samninga sem RÚV gerir við rétthafa, sem og framleiðslusamninga sem tengjast efninu. Þá kunna íslensk lög og reglur að standa í vegi fyrir afhendingu eða leiða til þess að frekari skilmálar séu settir.
- 1.3. Við pöntun á efni úr safni RÚV skuldbindur viðskiptavinur sig til að hlíta þessum skilmálum.

### 2. Pöntun

- 2.1. Pöntunina skal senda inn í gegnum Mitt RÚV á vefsvæði safnsins. Þar skulu koma fram upplýsingar um tengilið viðskiptavinarins, nákvæma skilgreiningu á því efni sem óskað er eftir, tímalengd þess og fyrirhugaða notkun. Viðskiptavinur ber ábyrgð á áreiðanleika upplýsinga sem hann gefur. Pöntun sem send er til RÚV safns tryggir ekki að hægt sé að útvega efnið eða að RÚV samþykki afhendingu þess.

### 3. Afhendingartími

- 3.1. Pantanir eru almennt afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Afhendingartími er að jafnaði fimm (5) virkir dagar og tíminn sem tekur að afgreiða pöntunina getur verið mismunandi eftir álagi og umfangi pöntunarinnar. Ef afhendingartími dregst fram yfir áætlaðan tíma ber RÚV ekki ábyrgð á að bæta viðskiptavinum beint eða óbeint tjón sem hlýst af seinkuninni.
- 3.2. Ef veigamiklar ástæður eru fyrir hendi má afgreiða pöntunina með skjótari hætti. Í slíkum tilvikum verður að leyfa að minnsta kosti 48 klukkustundir til afhendingar.
- 3.3. Viðbótarkostnaður getur fylgt afgreiðslu brýnna pantana, í samræmi við gjaldskrá RÚV.

### 4. Gildistaka samnings

- 4.1. Samningur um afhendingu og notkun efnis tekur gildi þegar RÚV hefur staðfest pöntun viðskiptavinar og/eða samningsaðilar hafa undirritað skriflegan samning.
- 4.2. Ef dráttur verður á greiðslu fyrir notkun á efninu, áskilur RÚV sér rétt til að rifta samningnum og fellur hann þá úr gildi, þar á meðal réttur viðskiptavinar til að nota efnið.

### 5. Réttindi til notkunar

- 5.1. Efnið verður afhent með þeim réttindum sem samið er um þegar pöntun er afgreidd, fyrir þá framleiðslu eða aðra notkun, sem tilgreind er í pöntuninni. Samið skal um viðbótarréttindi að efninu, frekari notkun þess eða notkun í öðrum tilgangi með sérstöku skriflegu samkomulagi aðila.
- 5.2. Réttur til að nota hið afhenta efni felur ekki í sér einkarétt til notkunar þess nema um það hafi verið samið sérstaklega með skriflegum hætti. Nýtingarréttinn má ekki framselja til þriðja aðila nema það hafi verið sérstaklega tekið fram í samningnum. Viðskiptavinurinn fær aðeins rétt til að nota efnið samkvæmt samningnum og heldur RÚV eignarréttinum

og öllum öðrum hugverka- og notkunarrétti efnisins, sem tilheyrir RÚV.

- 5.3. Ef viðskiptavinur uppfyllir ekki skilmála sem settir eru um notkun efnisins getur RÚV sagt upp notkunarréttinum án fyrirvara. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir því að bæta RÚV allt tjón sem hlýst af notkun efnisins í bága við þá notkun sem tilgreind er í samningnum.

## 6. Ábyrgð

- 6.1. Ef efnið inniheldur höfundarréttarvarið efni sem RÚV hefur ekki rétt til að ráðstafa til framleiðslunnar eða notkunarinnar ber viðskiptavinur ábyrgð á að afla samþykkis rétthafa fyrirfram og að öðru leyti að semja við rétthafann um notkun á efninu. Slíkt myndefni getur til dæmis verið höfundarréttarvarin tónlist, bókmenntaverk eða önnur list sem notuð er í efninu, eða kvikmyndir, ljósmyndir eða hljóðupptökur í eigu annars aðila. Í slíkum tilfellum er efnið ekki afhent fyrr en viðskiptavinur hefur sýnt fram á rétt sinn til að nota það í tilgreindu skyni.
- 6.2. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að efnið sé notað á þann hátt sem samið er um í samningnum og að notkun þess sé lögleg og í góðu siðferði og að efnið sé ekki notað á þann hátt að það sé skaðlegt fyrir RÚV, aðra rétthafa þess, þá sem tóku þátt í framleiðslu efnisins og/eða einstaklinga sem þar koma fram.
- 6.3. RÚV ber enga ábyrgð ef ekki er hægt að nota efnið af ástæðum sem varða viðskiptavininn, aðgerðir hans eða aðgerðarleysi eða réttindi þriðju aðila.

## 7. Afrit efnisins

- 7.1. RÚV skal ekki afhenda viðskiptavininum frumupptökur úr safni RÚV heldur afhendir RÚV safn stafrænt afrit af upptökunni á því sniði sem safnið býður upp á.
- 7.2. Pöntunin skal gefa rétta mynd af tegund og magni þess efnis, sem óskað er eftir. Viðskiptavinur skal tilgreina og velja efnið sem nota á eins nákvæmlega og unnt er fyrirfram, t.d. í kjölfar áhorfs eða hlustunar í húsakynnum RÚV, eða á annan sérstaklega umsaminn hátt.
- 7.3. RÚV safn útvegar ekki óþjappað afrit af heilum sjónvarps- eða útvarpsþætti eða kvikmynd nema efnið sé notað í heild sinni (t.d. í kvikmyndasýningum).
- 7.4. Viðskiptavini er óheimilt að nota eða afrita efnið öðru vísi en tilgreint er í samningi, afhenda það þriðja aðila eða geyma það í gagnagrunni. Þegar notkunefnisins er lokið og/eða samningurinn útrunninn skal annað hvort eyða efninu eða skila því til RÚV á kostnað viðskiptavinarins. Viðskiptavini er skylt að beita öllum mögulegum ráðum til að koma í veg fyrir óheimila notkun efnisins.

## 8. Mistök við afhendingu

- 8.1. Viðskiptavinur skal athuga efnið strax við móttöku þess og tilkynna RÚV innan hæfilegs tíma, og ekki seinna en 30 daga frá móttöku, komi tæknilegir gallar í ljós. Tilkynningin skal vera skrifleg. Eftir þann tíma ber RÚV ekki ábyrgð á neinum göllum sem koma fram.
- 8.2. Ábyrgð RÚV vegna ágalla á efninu eða afhendingu þess takmarkast við það að afhenda nýtt gallalaust eintak. Takist það ekki skal RÚV endurgreiða umsýslugjaldið sem viðskiptavinur hefur greitt.

## 9. Skylda til að tilkynna notkun

- 9.1. Verð fyrir notkun ræðst almennt af magni efnis sem nota á og hver fyrirhuguð not eru. Ef viðskiptavinur notar ekki allt það efni sem útvegað var skal hann senda tilkynningu um hve mikið var notað til RÚV innan þess frests sem samið hefur verið um eða fram kemur í þöntuninni en eigi síðar en 30 dögum frá afhendingardegi efnisins. Ef viðskiptavinur tilkynnir ekki um notkun innan þess tíma sem nefndur er hér að ofan, er innheimt fyrir notkun alls efnisins.
- 9.2. Tilkynning um notkun skal vera skrifleg. Notkunartilkynning þarf að gefa nákvæmar upplýsingar um nafn viðskiptavinar og magn af efni, tilvísunarnúmer og tímakóða þess í framleiðslunni (ef framleitt er með forriti sem sýnir línulegan tímakóða).

## 10. Gjald fyrir notkun efnis og þjónustu

- 10.1. Viðskiptavinurinn greiðir RÚV þóknunina sem samið er um í samningnum eða á annan hátt fyrir notkun efnisins og þjónustunnar. Gjald fyrir réttinn til að nota efnið fer eftir eðli og magni efnisins, tilgangi notkunar og aðferðum við framsetningu og/eða dreifingu framleiðslunnar (ef um framleiðslu er að ræða). Þjónustan verður gjaldfærð í samræmi við gjaldskrá RÚV. RÚV áskilur sér rétt til að breyta gjaldskránni.
- 10.2. Umsýslugjald er alltaf innheimt, jafnvel þótt efnið sé ekki notað.
- 10.3. Gjöld skulu greidd samkvæmt reikningi sem RÚV gefur út.

## 11. Greiðsluskilmálar

- 11.1. Gjald dagi reiknings er sá sem tilgreindur er á reikningi.
- 11.2. RÚV er heimilt að leggja á dráttarvexti í samræmi við lög, ef reikningar eru ekki greiddir á gjalddaga.

## 12. Aðrir skilmálar

- 12.1. Ekki má breyta innihaldi efnisins nema með leyfi RÚV og ekki má gera breytingar á efninu sem brjóta í bága við sæmdarrétt RÚV, höfundar efnisins eða þeirra, sem áttu þátt í framleiðslu þess.
- 12.2. Tilgreina verður RÚV sem eiganda efnisins og skulu höfundar þess nafngreindir á viðeigandi hátt í tengslum við notkun þess.

## 13. Takmarkanir

- 13.1. RÚV útvegar ekki höfundarréttarvarið efni til notkunar í auglýsingaskyni nema með skriflegu samþykki rétthafa.
- 13.2. Efni fréttanna má ekki afhenta í auglýsinga- eða kynningarskyni fyrir fyrirtæki eða einstaklinga nema með sérstöku leyfi fréttastofu RÚV.
- 13.3. RÚV útvegar ekki efni sem stríðir gegn góðu siðferði.
- 13.4. RÚV á hvorki né stjórnar réttindum á öllu efni sem sýnt er í miðlum eða geymt í safni RÚV. RÚV er ekki heimilt að útvega afrit af slíku efni nema með skriflegu samþykki rétthafa, sem viðskiptavinur skal afla áður en RÚV afhendir afrit af efninu.

#### 14. Óheimil notkun

- 14.1. Óheimil notkun eða notkun sem fer í bága við skilmála þessa eða pöntun getur einnig leitt til annarra aðgerða af hálfu RÚV, m.a. málaferla fyrir dómstólum.

#### 15. Force majeure

- 15.1. RÚV ber ekki ábyrgð á því að efni sé ekki afhent samkvæmt pöntuninni/samningnum ef slíkt stafar af óviðráðanlegum orsökum.
- 15.2. Ef slíkar óviðráðanlegar orsakir vara í a.m.k. fjórar vikur samfelld, skal samningur aðila um afhendingu efnisins falla niður.

#### Skilgreiningar

- **Aðilar samnings:** RÚV og viðskiptavinur.
- **Efni:** Hvers kyns sjónvarps- og útvarpsþættir, kvikmyndir og hlutar þar af, sem og annað hljóð- og/eða myndefni, ljósmyndir, handrit og önnur verk, framleidd af og/eða í vörslu RÚV.
- **Framleiðsla:** Hljóð- og myndvinnsla viðskiptavinarins eða annað sem efnið verður notað í (t.d. sjónvarps-, kvikmynda- eða önnur dagskrárgerð; hvers kyns útgáfa, birting á samfélagsmiðlum eða vefsíðum, geisladiskur, DVD-diskur eða önnur slík smásöluútgáfa; efni til sýningar á netinu; leikrit, opinber sýning eða annar opinber viðburður; bók, tímarit eða önnur prentuð útgáfa).
- **Gjaldskrá RÚV:** Gjaldskrá RÚV á hverjum tíma, birt á vefsíðu safns RÚV, <https://www.ruv.is/safn>.
- **Pöntun:** Pöntun sem send er í gegnum vef safns RÚV, þar sem viðskiptavinurinn pantar efni frá RÚV, <https://www.ruv.is/safn>.
- **RÚV:** Ríkisútvarpið ohf.
- **Samningur:** Einstök viðskipti sem samningsaðilar hafa gert um afhendingu efnis á grundvelli þessara skilmála og þeirra atriða, sem tilgreind eru í pöntun, sem og (eftir atvikum) á grundvelli skriflegs samnings með viðaukum, og/eða önnur skrifleg skjöl milli samningsaðila, þar sem afhending efnis og notkunarskilyrði eru tilgreind.
- **Skilmálar:** Skilmálar þessir, um afhendingu og notkun efnis úr safni RÚV.
- **Viðskiptavinur:** Einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir efni úr safni RÚV.
- **Þjónusta:** Sú vinna sem RÚV tekur að sér í tengslum við afhendingu efnis úr safninu, svo sem upplýsingaöflun, skoðun og hlustun, afritun efnis eða önnur meðhöndlun þess.

Skilmálar þessir geta tekið breytingum án fyrirvara.

Síðast uppfært 14. febrúar 2023.